

**Fundargerð 115. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða**

Fundur haldinn í fundarherbergi FMS að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 23. ágúst 2016 kl. 10:00.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Helena Karlsdóttir, forstöðumaður stjórnsýslu og umhverfissviðs, Sólrún Anna Jónsdóttir, rekstrarstjóri, Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, svæðisbundin þróun, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri.

Formaður bauð Halldór Halldórsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, velkominn til starfa en hann tekur við af Guðjóni Bragasyni lögfræðingi Sambandsins, sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn.

**Fundargerð:****1. Ársreikningar og staða styrkveitinga**

Sólrún Anna Jónsdóttir fór yfir stöðu verkefna og styrkveitinga árána 2012-2015. Fjöldmörgum verkefnum er enn ólokið. Ársreikningur var ekki tilbúinn og því ekki lagður fram en hann verður kynntur þegar hann berst. Ársreikningur kemur frá Fjársýslunni og gerð hans hefur tafist þar.

*Niðurstaða:* Ákveðið að haldnir verði fundir a.m.k. tvisvar á ári þar sem farið verður yfir stöðu styrkveitinga. FMS upplýsti að skv. verkferlum verður send ítrekun til styrkþega sem ekki hafa lokið verkefnum samkvæmt samningum og gerð verði grein fyrir stöðu mála á upplýsingafundi sbr. áðurnefnda fundi um stöðu styrkveitinga.

**2. Reglugerð um starfsreglur Framkvæmdasjóðsins**

Reynslan af síðustu úthlutun hefur sýnt að breytingin um útgreiðslu styrkja eftir framvindu verkefna er ekki að ná þeim markmiðum sem að var stefnt. Í því ljósi lagði Helena Karlsdóttir til að FMS og stjórn sjóðsins myndu sameiginlega óska eftir því við ráðherra að þrjár breytingar yrðu gerðar á reglugerðinni.

**a Styrkveitingar vegna verkefna sem fela í sér fleiri en tvo áfanga og hlutfallsskipting greiðslu styrkfjárhæða**

Samkvæmt nýju reglugerðinni um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 20/2016, þá varð gerð sú breyting á fyrirkomulagi greiðslna að í stað þriggja greiðslna, við undirskrift, skil framvinduskýrslu og skil lokaskýrslu, var styrkþegum gert að skipta verkinu í áfanga (ótiltekið hversu marga) og skila framvinduskýrslu fyrir hvern og einn þeirra. Markmið breytinganna var að tryggja betur framgang framkvæmda og skipulag þannig að þær kláruðust frekar á samningstíma. Nýja fyrirkomulagið hefur reynst mjög erfitt og jafnvel óæskilegt í framkvæmd og fyrir því liggja ýmsar ástæður s.s. verktakar og iðnaðarmenn hafa ekki fengist á réttum tíma þrátt fyrir loforð þar um, náttúrulegar aðstæður eru ekki réttar (t.d. snjálög) og almennt hafa menn tilhneigingu til bjartsýni.

Niðurstaða:

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Ferðamálastofa leggja til að ákvæðið verði svohljóðandi: „Styrkur greiðist út til styrkþega í samræmi við samþykktu kostnaðar-, verk- og framkvæmdaáætlun sbr. b-lið 9. gr. Fyrsta greiðsla, 30% af styrkfjárhæðinni, greiðist við undirritun samnings. Áður en til frekari greiðslna kemur skal styrkþegi skila inn framvinduskýrslu, sem lýsir a.m.k. hálfnuðu verki. Við skil á framvinduskýrslu greiðist 30% af styrkfjárhæðinni. Lokagreiðsla, 40% af styrkfjárhæðinni, skal ekki greidd fyrr en lokaskýrslu hefur verið skilað og hún yfirfarin.“

**b Styrkveitingar undir 2 milljónum, verktími er stuttur og hlutfallskipting a greiðslu styrkfjárhæðar**

Í 4. ml. 1. mgr. 13. gr. núgildandi reglugerðar er kveðið á um að ef styrkfjárhæð undir 2 milljónum eða verktími sé stuttur greiðist styrkur í tveimur greiðslum, í upphafi við undirritun samnings og eftir að lokaskýrslu, sem jafnframt er framvinduskýrsla, hefur verið skilað og hún yfirfarin. Reynslan hefur sýnt að verkefni geta verið einföld í framkvæmd þó þau séu mun kostnaðarsamari en 2 milljónir. Einnig hefur það sýnt sig að sumum styrkþegum, sérstaklega minni aðilum, hefur reynst áætlan- og skýrslugerð erfið og kjósa því að einfalda ferlið og áfangaskipta framkvæmdum sínum í tvennt. Það gerir þeim auðveldara að uppfylla eigin markmið og sjóðsins. Þess má geta að tiltölulega fáir styrkir eru undir tveggja milljón króna viðmiðunarfjárhæðinni.

Niðurstaða:

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Ferðamálastofa leggja til að fjárhæðin verði hækkuð í 6 milljónir, að í stað orðalagsins „stutts verktíma“ komi „styttri en 4 mánuðir“ og að skilgreint verði greiðsluhlutfallið, þ.e. að greidd verða 30% af styrkfjárhæðinni við undirritun samnings og 70% við skil á lokaskýrslu.

**c Breyting á c. lið 2. ml. 1. mgr. 2. ml. 7. gr.**

FMS gerir athugasemd þar sem hlutverk og markmið laganna um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sbr. 1. gr. 75/2011 endurspeglast ekki nógu vel í 7. grein reglugerðarinnar, þar sem í henni, undir flokknum „Framkvæmd“ í c. lið er ekki tiltekið að undir hann kunni að falla aðgerðir til verndunar og endurheimtar náttúru. Í samræmi við lögin hefur Framkvæmdasjóðurinn styrkt verkefni sem fela í sér verndun og endurheimt náttúru t.a.m. uppgræðslu niðurtroðinna svæða, aflagningu og hulningu hentistíga o.fl. án þess að nýtt mannvirki rísi, eins og c. liður 7. gr. reglugerðar virðist gera ráð fyrir. Lagt er til að á eftir orðunum „ferðamannaleiðir og áningarstaðir“ bætist orðin: „en einnig aðgerðir til endurheimtar og verndunar náttúrugæða svo sem uppgræðsla og aflagning hentistíga.“.

Niðurstaða:

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Ferðamálastofa leggja til breytingu á c. lið 2. ml. 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, þannig að eftir orðunum „ferðamannaleiðir og áningarstaðir“ bætast við orðin „en einnig aðgerðir til endurheimtar náttúrugæða s.s. uppgræðsla og aflagning hentistíga.“.

Samþykkt að stjórn FF og FMS óski eftir við ráðherra að ofangreindar breytingar verði gerðar. Formanni FF verður send beiðnin til undirritunar með afriti á stjórn.

### 3. Breytingar á eyðublöðum kynntar

Hjörleifur Finnsson FMS kynnti drög að nauðsynlegum breytingum á umsóknareyðublaðinu. Með breytingunum verður umsóknareyðublaðið ítarlegra og betri upplýsingar fást frá umsækjendum. Einnig kynnti hann breytingar á matsblaði umsókna, þar sem ekki eru nægjanlega skýr tengsl á milli matsblaðsins, laga og reglugerðar. Gæðamat umsóknar er að finna í 7.gr. reglugerðar en það endurspeglar sjálft ekki nægjanlega áherslur laganna og er of huglægt eins og það er núna. Nákvæmari lykla á hvað gefur stig vantar.

*Niðurstaða: Stjórn FF beðin um að fara yfir breytingarnar þ.e. matsblað og viðmið stigagjafar og koma með athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund.*

### 4. Næsta umsóknarferli og áherslur úthlutunar

Verður rætt frekar á næsta fundi.

### 5. Kynning á DMP (Destination Management Plan)

Hrafnhildur kynnti DMP - stefnumótandi stjórnunarátælanir. Helstu verkþætti þess, kynnti nokkur dæmi sem reifuð eru í DMP, hvað það muni auðvelda og hver hefur verið valinn til að stýra innleiðingu verkefnisins hér á Íslandi.

### 6. Áætlun um stjórnarfund til áramóta

Verður rætt frekar á næsta fundi.

### 7. Önnur mál

Næsta úthlutun verði auglýst þann 25. september með umsóknarfresti frá 3.-25. okt. 2016

Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur verður mánudaginn 5. september 2016.

Fundargerð ritaði Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur FMS.

Undirskrift stjórnar:

A. P. H.  
Anna P.  
Svein P.  
Haukegja